



Almennar leiðbeiningar vegna COVID -19 og um sýklasmít (veirur og sýkingar) sbr. landsáætlun vegna heimsfaraldurs www.landlaeknir.is.

Óvissustig

- Skólinn í samstarfi við heilsugæslu/skólahjúkrunarfræðing við fræðslu
- Skólastjóri vaktar upplýsingagjöf um stöðu mála hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og hjá landlæknisembættinu.
- Hættustig undirbúið

Hættustig

- Skólinn uppfærir upplýsingar um stöðu mála í samræmi við upplýsingar frá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og landlæknis.
- Tryggt að nægar birgðir af sótthreinsiefnum og sápu sé til staðar
- Upplýsingum komið á framfæri innan skólans til starfsmanna , nemenda og forráðamanna nemenda um hvernig forðast má smit.
- Mikilvægt að skólanum sé tilkynnt um öll veikindi nemenda og starfsmanna og þau skráð formlega
- Þrif aukin aukin á álagsfletum og sérstakar varúðaraðgerðir í mötuneyti
- Leiðbeiningum landlæknis fylgt þegar nemendur og starfsmenn veikjast.
- Neyðarstig undirbúið

Neyðarstig.

[Landsáætlun sóttvarnarlæknis og ríkislögreglustjóra](#) þar sem fjallað er um skólahald fylgt , sjá bls. 70.

- Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.